

26 Verði hreppnum skift skiftist sjóður þessi milli hinna nýju hreppa, í sama hlut-
29. apríl falli og aðrar eignir hins núverandi Akrahrepps.

Á skipulagsskrá þessari skal leita staðfestingar konungs.

Litladal í Akrahreppi hinn 11. júní 1916.

Simon Eiríksson.

Vitundarvotttar:

Gísli Björnsson,
Jón Árnason.

27 **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir »Verðlauna- og styrktar-
29. apríl sjóð Stefáns P. Björnssonar frá Veðramóti«, útgefin á venjulegan hátt að mandat-
um af atvinnu- og samgöngumálaráðherra Íslands 29. apríl 1918.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir „Verðlauna- og styrktarsjóð Stefáns P. Björnssonar
frá Veðramóti“.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Verðlauna- og styrktarsjóður Stefáns P. Björnssonar
frá Veðramóti.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er fyrst og fremst sá, að verða lyftistöng fyrir land-
búnað í Skarðshreppi, eða það svæði, sem Skarðshreppur nú tekur yfir. En þeg-
ar vaxtamagn sjóðsins er orðið meira en nemur því, sem skipulagsskrá þessi
ákveður, að ganga skuli til styrktar landbúnaði beinlínis má að meira eða minna
leyti verja því, sem fram yfir verður, til annara velferðarmála (sbr. 4. gr.).

3. gr.

Stofnfje sjóðsins er kr. 337,26. Skal fje sjóðsins standa á vöxtum í Spari-
sjóði Sauðárkróks eða annari tryggri lánsstofnun og skulu ársvextir jafnan lagðir
við höfuðstólinn til 3. sept. 1980. Þá má fyrst taka af vöxtum sjóðsins allt að
helmingi þeirra til að verðlauna 1—2 bændur hreppsins, þá er mest hafa unnið

að jarðabótum s. l. 5 ár, hafi sú vinna numið að minsta kosti 70 dagsverkum fyrir sjálfseignarbónda og minst 50 dagsverkum fyrir leiguliða að meðaltali á ári, hvorttveggja miðað við það starfsafrek, sem nú er lagt í mannsdagsverk til jarðabótavinnu, og sjeu jarðabæturnar álitnar og metnar vel gjörðar af manni, er hreppsnefnd Skarðshrepp eða það stjórnarvald, er kemur í hennar stað, kys til þess. Ekki getur sami maður fengið verðlaun úr sjóðnum oftari en fimta hvert ár. Sjeu framangreind skilyrði fyrir styrkveitingu þessari ekki fyrir hendi, falla vextir það eða þau ár óskertir til höfuðstólsins. 27
29. apríl

4. gr.

Þegar sjóðurinn á þenna hátt hefir vaxið svo að ársvextirnir nema 500 kr., má útbýta alt að $\frac{4}{5}$ þeirra þannig: 200 kr. til búnaðarframkvæmda, á sama hátt og undir sömu skilyrðum og áður; 100 kr. til að styrkja með mjög heilsulitinn fátækan bónda í hreppnum, og þá alt að 100 kr. til alþýðufræðslu eða annara velferðarmála hreppsfjlagsins.

5. gr.

Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn 100 þúsund krónur má verja meira af vöxtunum árlega til verðlauna og styrktar í sams konar augnamiði og að framan greinir. Þó má aldrei minna en $\frac{1}{10}$ ársvaxtanna leggjast við höfuðstólinn.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn kosnir á lögmætum almennum hreppsfundi af atkvæðisbærum hreppsbúum og gengst hreppsnefnd Skarðshrepps fyrir kosningunni. Skulu 2 stjórnendanna jafnan vera úr bændaflökki hreppsins. Gildir kosningin til 3ja ára. Samtímis skal og kjósa tvo reikningsendurskodendur og til jafnlangs tíma. En sýslumaðni Skagafjarðarsýslu, eða því stjórnarvaldi, er koma kann í hans stað, er falin yfirumsjón sjóðsins. Er ætlast til að öllum þessum störfum sje gegnt endurgjaldslaust.

7. gr.

Enginn getur fengið styrk nje verðlaun úr sjóðnum nema hann hafi óflekkað mannorð, standi ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, og hafi verið búsettur í hreppnum 5 ár minst. Aldrei má heldur verja neinu af tekjum sjóðsins til venjulegra sveitarþarfa, þannig að úthlutunin beinlínis ljetti hin sjálfsögðu sveitargjöld.

Gjört á Sauðárkróki, 1. mars 1918.

Jón P. Björnsson. Pálmi Pjetursson. Sölvi Guðmundsson.